

Lög

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bættast“ í 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: skal þá óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., bætt við persónuafslátt hins með eftirfarandi hætti:

- a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 skal bæta 85% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
- b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2002 vegna tekna á árinu 2001 skal bæta 90% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
- c. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 skal bæta 95% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 og við staðgreiðslu á því ári.

Samþykkt á Alþingi 21. desember 1999.